



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22



Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opið: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga



Fermingarbörn fóru í Skagafjörð

Fermingarbörn af Nesinu fóru fjórða árið í röð í ferð í Skagafjörð. Ferðin stóð yfir dagana 9.-11. október. Alls fóru 49 fermingarbörn í ferðina og dvöldu á Löngumýri í Skagafirði í tvo sólarhringa. En þar er gott að vera og var vel gert við hópinn í mat og drykk, en húsmæður í sveitinni sáu um að elda. Auk sóknarprests fóru í ferðina Steinunn Einarsdóttir sem er í sóknarnefnd, María Ágústsdóttir og fjórir foreldrar, þau Jóhann G. Jóhannsson, Guðrún Tinna Ólafsdóttir, Davíð B. Gíslason og Guðrún Edda Haraldsdóttir.

Ferðin tókst einstaklega vel að sögn sr. Bjarna Þór Bjarnasonar, sóknarprests. Seltjarnarnessöfnuður á vinasöfnuð á Sauðárkróki. Fermingarbörn beggja safnaðanna hittust á Sauðárkróki og áttu saman ánægjulegar stundir í kirkjunni og í Húsi frítímans.

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hrein lífræn næring

Ægisíða 121 f /grænheilsa



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU



HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka



NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Framkvæmdir á Seltjarnarnesi

Skoðanir eru nokkuð skiptar um þær skipulagshugmyndir sem unnar hafa verið fyrir miðbæjarsvæðið á Seltjarnarnesi. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem um nokkuð róttækar breytingar og framkvæmdir er að ræða. Þessar hugmyndir eru metnaðarfullar og ljóst má vera að verði þeim hrint í framkvæmd verður um langtíma markmið að ræða. Líklegt má telja að unnið verði úr þeim – eitt lagt til og öðru sleppt þegar kemur að gerð endanlegs skipulags og án efa eiga Seltirningar eftir að láta skoðanir sínar í ljósi þegar þar að kemur.

En uppbygging miðbæjarsvæðisins er ekki einu framkvæmdirnar sem fyrirhugaðar eru á Seltjarnarnesi og heldur ekki þær sem næst verða á döfinni. Bygging íbúða í Mýrinni eru næst á dagskrá og síðan eru að hefjast undirbúningsframkvæmdir þess að unnt verði að hefja byggingu íbúðahverfis í Bygggördum. Til að hægt verði að endurbyggja það gamla iðnaðarhverfi sem íbúðahverfi þarf m.a. að endurnýja allar lagnir á svæðinu – verk sem taka mun nokkurn tíma að vinna.

Einnig þarf að huga að Eiðistorginu. Húsnæði þar hefur ekki verið nægilega nýtt að undanförunu. Með frumkvöðlasetrinu Innovation House og nú síðast sjónvarpsstöðinni Hringbraut hefur orðið umtalsverð breyting og innan tíðar mun kaffihús og ísbúð taka til starfa þar sem Blómastofan var eitt sinn til húsa. Lögmálið er að eitt dregur annað að og því má vonast til að fleiri aðilar muni koma þar til starfa.

Láttu ekki kvefið stoppa þig



Oleum Basileum
náttúruleg olía

Schustafur: Systrasamtögið Suðureströnd 10 Seltjarnarnesi

LNS Saga byggir hjúkrunarheimilið

- Tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á tæpan 1,5 milljarð króna



Byggingafélagið LNS Saga ehf mun byggja hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi. Tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á tæpan 1,5 milljarð króna og var lægsta tilboðið í verkið. Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samþykkt samhljóða að taka tilboði félagsins í byggingu hjúkrunarheimilisins. Fyrirtækið átti lægsta tilboðið í verkið, krónur 1.465.307.033.

Um er að ræða nýtt 40 íbúa hjúkrunarheimili á einni hæð að Safnatröð 2 á Seltjarnarnesi. Flatarmál hússins er 3.422 fermetrar. Útboð verksins nær til allra þátta, þ.e. jarðvinnu, uppsteypu, tækniherfa, frágangs innan- og utanhúss auk lóðar.

Verkinu öllu skal að fullu lokið 1. mars 2018. Auk lægstbjóðanda buðu eftirtalin fyrirtæki í verkið: JÁ VERK ehf. krónur 1.489.714.000, Íslenskir aðalverktakar hf krónur 1.567.095.392, Ístak hf. krónur 1.588.999.957. Hagtak hf. krónur 1.647.250.000 og Eykt ehf. krónur 1.868.894.844. Kostnaðaráætlun hönnuða gerði ráð fyrir kr. 1.467.736.199. Öll tilboðin uppfylltu innkaupareglur bæjarins. Ríkið og Seltjarnarnesbær undirrituðu samning um nýja hjúkrunarheimilið 18. júní 2014. Þann dag var tekin fyrsta skóflustunga að heimilinu. Verklök eru fyrirhuguð 1. mars 2018. Björn Guðbrandsson arkitekt frá Arkís ehf. er arkitekt hússins.

Rauða ljónið
síðan 1989


HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvörumatur

Coca-Cola

Nesbíúinn



Nú veit maður ekkert hvað maður á að kjósa.



Við viljum vinna fyrir þig



Bjarni Benediktsson
Formaður Sjálfstæðisflokksins
Garðabæ



Bryndís Haraldsdóttir
Formaður bæjarráðs
Mosfellsbæ



Jón Gunnarsson
Alþingismaður
Kópavogi



Óli Björn Kárasen
Ritstjóri
Seltjarnarnesi



Vilhjálmur Bjarnason
Alþingismaður
Garðabæ



Karen E. Halldórsdóttir
Bæjarfulltrúi
og varaþingmaður
Kópavogi



Vilhjálmur Bjarnason
Formaður
hagsmunasamtaka heimilanna
Mosfellsbæ



Kristín Thoroddsen
Flugfreyja og
ferðamálafræðingur
Hafnarfirði



Katrín Ósk Ásgeirsdóttir
Háskólanemi
Hafnarfirði



Tinna D. Guðlaugsdóttir
Laganemi og
framkvæmdarstjóri
Kópavogi

Á réttri leið

Hreinar fjörur á Seltjarnarnesi

Dælustöðin við Elliða komin í gang



Nú geta Seltirningar tekið að anda léttara vegna þess að langþráðum framkvæmdum við fráveitukerfið á Seltjarnarnesi er að ljúka. Búið er að setja dælustöðina við Elliða í gang og hún virðist virka sem skyldi.

Talsvert mál var að ljúka framkvæmdum og meðal annars vegna þess hversu Seltjarnarnes liggur lágt yfir sjávarmáli þurfti að sæta sjávarföllum til þess að ganga frá lögninni. Þá var eftir að koma upp

dælubúnaði á milli brunna sem var nokkuð vandasamt verk því ekki var vænlegt að missa frárennsli út í garða hjá fólki. Í samtali við Nesfréttir á liðnu sumri sagði Gísli Hermannsson bæjarverkfræðingur að þessar framkvæmdir hafi tekið lengri tíma en í fyrstu var vonast til – einkum vegna tæknilegra vandamála sem komið hafi upp. Miklu skipti þó að ljúka verkinu fyrir veturinn sem nú virðist hafa tekist.



HAUSTVERKIN Í GARÐINUM

- Trjáklippingar
- Hekk klippingar
- Almennar gróðurklippingar

- Fáðu verðtilboð

Engi ehf
Sími: 615-1605

Hjólastígurinn tilbúinn



Nú er búið að ganga frá hjólastígnum frá bæjarmörkum Seltjarnarness og Reykjavíkur út að hákarlahjalli. Þegar er búið er að ganga frá umhverfi og mála línur.

Þetta er bæði góð og þörf framkvæmd vegna þess að hjóltreiddar njóta vinsælda og aukast stöðugt og þær eiga ekki nægilega góða samleið með göngufólki. Því er mikil þörf á því að byggja bæði göngu- og hjólastíga jafnvel þótt að þeir liggja samhliða. Hjóltreiddamenn á Seltjarnarnesi og einnig aðkomumenn sem óska þess að heimsækja Nesið á reiðhjóli geta nú hjólað út á Snoppu án þess að trufla ferðir gangandi vegfarenda eða vera truflaðir af þeim.

Nauðsynlegt að huga að bátum í Seltjarnarneshöfn

Nauðsynlegt er fyrir þá sem eiga báta við smábáthöfnina á Seltjarnarnesi að huga að bátunum sínum eftir veður síðustu daga.

Björgunarsveitarmenn fóru á hafnarsvæðið og dældu vatni uppúr fjórum bátum og voru tveir þeirra komnir á það stig að var stutt í að þeir myndu sökkva. Björgunarsveitin biður þá bátaeigenda sem eiga báta í höfninni að huga að þeim til þess að komast megi hjá því að þeir sökkvi.





KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

- 

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.
- 

Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bil.
- 

Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.
- 

Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.
- 

Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.
- 

Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.
- 

Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.
- 

Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.





Píratar

í Suðvesturkjördæmi



Jón Þór
Ólafsson



Þórhildur
Sunna Ævarsdóttir



Andri Þór
Sturluson



Sara E.
Þórðardóttir
Oskarsson



Þór Saari



Sigurbjörg
Erla

Við viljum ræða málin



Smáralind



22-28 október

Komdu og kynntu þér áherslur Pírata í komandi kosningum.
Við viljum virkara lýðræði í íslensku samfélagi og heyra frá
kjósendum hvað brennur á þeim.



ENDURRÆSUM
ÍSLAND

Vatnsleikfimishópurinn á ferð um Suðurland

Hópurinn sem kemur saman til þess að stunda vatnsleikfimi, njóta heitu pottanna og góðs kaffisopa á eftir í Sundlaug Seltjarnarness hélt í síðbúna sumarferð austur fyrir fjall á dögunum. Þessi hópur mætir að sögn Kolbeins Pálssonar eins hópverja alla virka daga um sjö leytið á morgnana í laugina og tvisvar í viku er vatnsleikfimi auk pottanna og kaffisins. Suðurlandsferðin kom að þessu sinni í staðinn fyrir haustblót sem hópurinn hefur verið vanur að halda en þar hafa um 30 manns komið saman á Rauða ljóninu á Eiðistorgi, auk þorablóts og vorblóts. Farið var vítt og breytt um Árnesþing undir skeleggri leiðsögn Guðna Ágústssonar fyrrum þingmanns og ráðherra sem skipulagði ferðina.

Kolbeinn sagði að fyrst hafi verið ekið austur um Þrengsli og Óseyrarbrú til Eyrarbakka. Það hafi verið komið við í verslun Guðlaugs Pálssonar sem var kaupmaður á Bakkanum í áratugi - næstum eins lengi og honum entist aldur. "Þar tók Magnús Karel Hannesson fyrrum oddviti og nú sviðsstjóri hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga á móti okkur og sýndi okkur verslunina en hann hefur keypt húsnæðið ásamt eiginkonu sinni Ingu Láru Baldvinsdóttur og endurgert verslunina og hefur hana opna um helgar með hliðsjón af ferðamönnum. Við ákváðum að kaupa kók með rauðum tappa og Freyjustaura í tilefni dagsins."

Sérstakt að skoða veiðisafnið

Frá Eyrarbakka var haldið til Stokkseyrar þar sem Veiðisafnið

var skoðað undir leiðsögn Páls Reynissonar. Kolbeinn segir sérstakt að skoða þetta safn ekki síst vegna þess að Páll hefur sjálfur veitt flest öll dýrin sem þar eru til sýnis. Frá Stokkseyri var haldið til Selfoss og Mjólkurbú Flóamanna heimsótt. Þar var ferðalöngum boðið upp á berjaskyr og rjóma og rætt um árangur MS í vörupróun. Frá Flóabúinu var haldið að Brúnastaðflötum, heimkynnum Guðna fararstjóra með viðkomu í Laugardælum þar sem Bobby Fischer er grafinn en síðan var Flóaáveitan skoðuð undir styrkri leiðsögn Guðna. Úr Flóaengjum var farið Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Áð var á Minna Hofi þar sem Gestur Einarsson og Valgerður Hjaltestð tóku á móti hópnum. Eftir ferð um hreppana var snæddur frábær kvöldverður grillað lambalæri með tilheyrandi, frá Kjöt og Fiski, þeirra körfuboltamanna Jóns Árnórs Stefánssonar og Pavel Ermolinski.

Guðni sagðist ekki kunna að syngja

Rútubílasöngvarnir voru með í för því sá ágæti tónlistarmaður Dýri Guðmundsson hafði tekið gítarinn með sér og hann og Sigurður J. Grétarsson stóðu fyrir fjöldasöng. „Nei - Guðni fékkst ekki til að taka lagið með þeim. Sagði sér flest annað betur til lista lagt en að syngja. Hann væri ágætur í að segja frá en sönglaus með öllu," segir hann sjálfur. Kolbeinn sagði að nú þegar sé farið að huga að næstu för um Suðurland og þá muni stefnt á Rangárþing. Guðni verði að sjálfssögu við fararstjórn enda fáir með meiri áhuga á sunnlenskum söguslóðum.



Guðni Ágústsson messar yfir ferðafélögum.



Rútubílasöngvar voru með í för.



Áð á Suðurlandi og postanum svalað.



Sigurður Grétarsson og Kolbeinn Pálsson á spjalli.



SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
Sími: 511 6367

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.

Þri. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

Ný heimasíða
www.systrasamlagid.is



VIÐREISN

- fyrir frjálslynt fólk

Við ætlum að bæta kjör allra með lægri vöxtum





Skákkennsla er vinsæl

Skákkennsla hófst á dögnum í Grunnskóla Seltjarnarness og segja má að skákáhugi sé svo sannarlega enn til staðar á Seltjarnarnesi. Lagt var upp með að bjóða skákkennslu í tveimur aldurshópum, nemendum í 3. til 4. bekk og nemendum í 5. til 6. bekk. Þegar til kom var áhuginn svo mikill að fjölga þurfti hópum og er 3. bekkningum kennt í einum hóp og 4. bekkningum í öðrum, en 5. og 6. bekkningar eru saman.

Skákkennslan fer fram í Skelinni, Ungmennahús Seltjarnarness, einu sinni í viku og á fyrsta námskeiði

verður kennt út nóvembermánuð. Áætlað er að halda annað námskeið eftir áramót. Skákkennslan er hluti af samstarfi Skáksambands Íslands og Seltjarnarnesbæjar, en fyrr í ár var Skákþing Íslands haldið á Seltjarnarnesi. Skáksambandið mun ekki aðeins sjá um skákkennslu, heldur einnig aðstoða við mótshald innan skólans. Vonir standa síðan til þess að með tíð og tíma muni Grunnskóli Seltjarnarness eiga þátttakendur í skákkeppnum grunnskóla, nokkur ár eru síðan nemendur tóku þátt í skákkeppnum fyrir hönd skólans.

Margt forvitnilegt í Bókasafninu

Bókasafn Seltjarnarness er flaggskip menningarstarfseminnar á Nesinu og heldur jafnan út metnaðarfullri dagskrá fyrir alla aldurshópa. Heildardagskrá safnsins fram að jólum má finna í auglýsingu í blaðinu en vert er að benda á næstu viðburði.

Glæpasagnahöfundurinn og lögfræðingurinn Ragnar Jónasson verður gestur Bókasafns Seltjarnarness 1. nóvember kl. 19:30. Þar fjallar hann um hina umtöluðu bók sína Dimmu og kynnir fyrir lesendum nýja bók sem er óbeint framhald af Dimmu. Yngsta kynslóðin fær sína sögustund miðvikudaginn 2. nóvember kl. 17:30 þegar hið sígilda meistaraverk barnabókmenntanna, Palli var einn í heiminum, verður lesið og myndir sýndar samhliða. Til marks um vinsældir bókarinnar má nefna að hún kom fyrst út í Kaupmannahöfn árið 1942 og hefur verið gefin út á um 40 tungumálum í milljónum eintaka. Hinn þjóðkunni gítarleikari og lagasmiður Ásgeir Ásgeirsson



mun ásamt kontrabassaleikaranum Gunnari Hrafnssyni flytja ljúfa tóna úr amerísku jazzstandarda hefðinni ásamt eigin lagasmið í Tónleik-aröðinni Tónstöfum, sem unnin er í samstarfi Bókasafnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness. Tónleikarnir fara fram fimmtudaginn 3. nóvember kl. 17:30 og er aðgangur ókeypis.

NES FRÉTTIR
www.borgarblod.is

Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017**.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Í umsókninni skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarness.is.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „**Bæjarlistamaður 2017**“ eða á netfangið soffia.karlsdottir@seltjarnarness.is fyrir **25. nóvember**.

Menningarnefnd Seltjarnarness



Forsetinn heimsótti Valhúsaskóla á forvarnardaginn

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands heimsótti 9. bekkinga í Valhúsaskóla á forvarnardaginn sá dagur er haldinn ár hvert að frumkvæði Forseta Íslands, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og með stuðningi Actavis.



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands spjallar við nemendur Valhúsaskóla.

Forvarnardagurinn hefur verið haldinn allt frá árinu 2006 og hefur Grunnskóli Seltjarnarness ávallt tekið þátt í skipulagðri dagskrá þessa dags. Í ár var forvarnardagurinn haldinn 12. október í Valhúsaskóla, eins og víða í skólum landsins, en það eru ævinlega 9. bekkingar sem taka þátt í dagskránni. Það sem gerði forvarnardaginn í ár sérstakan var að forseti Íslands heiðraði nemendur með

heimsókn í skólann þar sem hann ávarpaði nemendur, hvatti þá til að sýna skynsemi í ákvarðanatöku varðandi eigið líf auk þess sem hann lagði áherslu á mikilvægi þess að þora að standa með sjálfum sér. Nemendur voru til fyrirmyndar, hlustuðu vel og tóku þátt í hópavinnu.



Nemendur hlusta á forsetann á forvarnardeginum.



Framsókn

FYRIR FÓLKID



Risa sólblóm



Þetta risa sólblóm óx í garðinum í Skála á Seltjarnarnesi hjá hjónunum Önnu Stefánsdóttur og Reynir Hólm Jónssyni í sumar. Sólblómið er um 285 cm á hæð eða hátt í þrjá metra og er að líkindum hæsta sólblóm sem vaxið hefur á Íslandi.



Afmælisfundur Vörðunnar á næsta leyti

Slysavarnadeildin Varðan hóf vetrarstarfsemi sína 10. október sl. Margt spennandi verður á dagskrá í vetur. Næsti fundur deildarinnar er 14. nóvember en það verður opinn kynningafundur og er líka afmælisfundurinn því deildin var stofnuð 15. nóvember 1993. Gestur fundarins verður Sigga Kling. Við bjóðum allar konur á Seltjarnarnesi og nágrenni velkomnar á fundinn. Jólafundur Vörðunnar er sameiginlegur með Reykjavíkurdeildinni og verður hann 12. desember. Allir fundir deildarinnar eru í Björgunarmiðstöðinni við Bakkavör nema annað sé auglýst.

Slysavarnadeildin Varðan hefur tekið þátt í sölu á „Neyðarkallinum“ frá upphafi og er hann seldur í byrjun nóvember. Þessi fjáröflun er í samvinnu við Björgunarsveitina Ársæl en við munum líka auka samstarfið við björgunarsveitina í vetur. Margt spennandi framundan í því samstarfi m.a. námskeiðshald o.fl. Afrakstu fjáraflana fer í að kaupa endurskinsmerki og annan öryggisbúnað sem er gefinn út í samfélagið. Nú á haustmánuðum verður farið í Grunnskóla Seltjarnarness og nemendum gefin endurskinsmerki líkt og gert hefur verið allt frá frá stofnun deildarinnar.



LÍKLEGA BESTI
HOLLI
SKYNDIBITINN
Á ÍSLANDI!



XO
FUN • FAST • FUSION

JL HÚSINU • HRINGBRAUT 119 • XOFOOD.IS





Tvöföldum stuðning við barnafjölskyldur

Við viljum búa til samfélag þar sem fjölskyldur líður vel. Þar sem þær eiga tíma saman, lausar við endalausar áhyggjur af fjármálum og geta búið sér heimili til frambúðar.

- Tvöföldum barnabætur
- Styttum vinnuvíkuna
- 12 mánaða fæðingarorlof
- 600 þúsund króna hámarksgreiðslur
- 3 milljóna króna forskot á fasteignamarkaði
- 4000 leiguíbúðir á næstu fjórum árum
- 1000 námsmannaíbúðir

Viðtal við Sveinn H. Guðmarsson

Alsæll að vera kominn til baka

Sveinn H. Guðmarsson fréttamaður lærði alþjóðastjórn málafræði við Edinborgarháskóla en er einnig með BA-próf í guðfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur starfað við fréttamennsku og önnur fjölmiðlastörf undanfarin ár en í tæpt ár vann hann sem upplýsingafulltrúi UNICEF í Jemen. Dvölin þar er honum minnisstæð. „Jemen er fátækasta ríki arabaheimsins, þar búa 25 milljónir og stór hluti þjóðarinnar býr við skort. Andstæðurnar við olíuríkin á Arabíuskaganum eru sláandi. Þegar ég bjó þar var tiltölulega friðsamlegt í landinu en staðbundin átök stjórnarhers og skæruliða í norðurhlutanum þýddu að tvö hundruð þúsund manns höfðu hrakist á flóttu.“ Mjög hefur sigið á ógæfuhliðina í Jemen undanfarin misseri, átökin í norðrinu breiddust út og fyrir einu og hálfu ári hófu Sádi-Arabía og fleiri arabaríki hernaðaraðgerðir gegn skæruliðunum. Tíu þúsund hafa látið lífið vegna átakanna og þrjár milljónir eru á flóttu. Sveinn ræðir við Nesfréttir að þessu sinni.

Sveinn er innfæddur Seltirningur. Foreldrar hans eru Guðmar Magnússon og Ragna Bjarnadóttir. Foreldrar mínir fluttu á Nesið um miðjan sjöunda áratuginn – fyrst á Miðbrautina en árið 1970 á Barðaströndina og bjuggu þar næstu þrjátíu árin. Faðir minn var lengi í bæjarpólitíkinni og forseti bæjarstjórnar um tíma. Við erum fimm systkinin og fórum þessa hefðbundnu leið í gegnum Mýró og síðan Való. Ég held að foreldrar mínir hafi átt börn í grunnskólum Seltjarnarness óslitið á árunum 1967 til 1995. Þau gáfu Mýrarhúsaskóla steindan glugga í þakklætisskyni fyrir að veita börnunum sínum góða skólagöngu.“

Alsæll að vera kominn til baka

Sveinn bjó á Seltjarnarnesi til 25 ára aldurs. Hann kveðst hafa verið nokkuð seinn að fara úr foreldrahúsum. „Eftir það bjó ég í Reykjavík í nokkur ár og einnig tíma og tíma erlendis, í Bretlandi, í Jemen og víðar. Þá bjuggum við hjónin á Akureyri í fjögur ár og fluttum þaðan til baka fyrir um ári síðan.“ En hvað voru þau að gera fyrir norðan? „Konan mín heitir Þórhildur Ólafsdóttir og er dagskrárgerðarkona á Rás 1. Hún vann áður sem fréttamaður hjá RÚV á Norðurlandi, eða RÚVAK eins og það er stundum kallað, en ég sagði á meðan erlendur fréttir. Það skiptir ekki öllu máli hvar maður er í þessu starfi þegar nútíma tækni er til staðar. Það liggur við að Akureyri hafi verið nær átakasvæðum heimsins á þeim tíma en Reykjavík.“

En síðan ákváðu þið að flytja aftur hingað suður. „Já – við gerðum það en kunnum þó vel við okkur fyrir norðan. Þetta kom eiginlega til af fjölskylduástæðum. Við eigum enga fjölskyldu á Akureyri. Hún býr hér á höfuðborgarsvæðinu og vestur í Grundarfirði, þaðan sem konan mín er ættuð. Við eignuðumst okkar fyrsta barn fyrir um tveimur árum og þá fundum við vel fyrir þessu. Engir afar og ömmur eða frændsystkini fyrir norðan.“

Skemmtilegt að vera foreldri á Nesinu

Sveinn segir að sér finnist hann vera kominn



Frétta- og dagskrárgerðarfólkið Sveinn H. Guðmarsson og Þórhildur Ólafsdóttir ásamt syni sínum í heimsókn í sveitinni.

heim. „Það er ef til vill aðeins erfitt að útskýra þetta en þegar ég geng um göturnar hér á Seltjarnarnesi þá finnst mér ég þekkja nánast hverja gangstéttarhellu. Það er gott að vera í umhverfi sem maður þekkir svo vel. Nú er ég í fyrsta sinn að prófa sjálfur að vera ekki barn, unglingur eða heima hjá foreldrum mínum á Nesinu heldur að vera sjálfur foreldri. Það er skemmtilegt reynsla. Sonur okkar er í leikskólanum hér á Nesinu og það er mjög athyglisvert að sjá hversu samtvinnuð allt skólastarfið hér er orðið. Svo er skipulag bæjarins einnig hagstætt börnum og barnafjölskyldum. Það eru fáar umferðargötur sem þarf að fara yfir. Ég áttaði mig ef til vill ekki á þessu þegar ég var sjálfur barn en ég held að óviða á höfuðborgarsvæðinu sé betra að alast upp, ef þá nokkurs staðar. Mér finnst gaman að sjá þegar ég er kominn aftur og farinn að taka þátt í foreldrastarfinu marga af jafnöldrum mínum og fólki á mínu reki sem er komið hingað aftur. Segja má að þriðja eða fjórða kynslóð Seltirninga sé orðin áberandi í leikskólanum og einnig í grunnskólanum.“

Byrjaði snemma að segja fréttir

Eftir skólagöngu lá leið Sveins í fréttamennsku. Hvað var það sem heillaði guð- og stjórnmálafræðinginn út á braut fréttamenskunnar? Hann kveðst hafa verið byrjaður að segja fréttir með fram háskólanámi. „Ég starfaði í nokkur ár við dagskrárgerð í Dægurmálaútlitvarpinu á Rás 2. Svo lá leiðin til Skotlands til náms í alþjóðastjórn málafræði á árunum 2003 til 2004. Eftir að ég kom heim fór ég í fréttamenskuna og hef verið þar nær óslitið, ef frá er talinn tíminn í Jemen. Ég starfaði bæði hjá RÚV en einnig um tíma hjá Fréttablaðinu og

Stöð 2. Snemma árs 2008 fór ég aftur til RÚV og starfaði þá í ár sem fréttaritari í Lundúnum.“

Sagði frá bankahruninu frá Lundúnum

Sveinn segir Lundúnadvölinu hafa verið mjög merkilegan tíma. „Ég átti upphaflega að fylgjast með viðskiptaævintýrum íslenskra útrásarmanna en úr urðu miklir umbrotatímar þar sem bankahrunið bar hæst. Það átti sér ekkert síður stað í London en í Reykjavík. Bankarnir ráku sínar starfsstöðvar þar, lcesave-peningarnir voru aðallega breskir og að nokkru leyti frá Hollandi og það var breska stjórnin undir forystu Gordon Brown sem setti hryðjuverkalögin á Íslendinga. Það mæddi býsna mikið á mér þessa örlagaríku daga.“

Sveinn minnst stóru lcesave-auglýsinga-skiltanna sem varla fóru fram hjá neinum sem áttu leið um miðborg Lundúna þegar uppgangurinn var sem mestur. „Þegar hrunið varð fór ég út að mynda og ætlaði meðal annars að taka myndir af þessu umhverfi en þá var það allt horfið. Öll þessi stóru skilti voru tekin niður. Þau hurfu á einni nóttu. Landsbankinn á Íslandi var orðin persona non grata. Það kom í minn hlut að segja frá þessu og einnig þeirri miklu reiði sem braust út á meðal almennings í landinu.“

Lærdómsríkur og gefandi tími í Jemen

„Síðan kom ég aftur heim og hélt fréttamenskunni áfram fram til ársins 2010 en fór svo í tæpt ár til starfa í Jemen fyrir Barnahjál Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. „Það kom til í gegnum íslensku friðargæsluna. Þetta var bæði erfiður en einnig lærdómsríkur og gefandi tími. Jemen er fátækasta ríki arabaheimsins, þar búa 25 milljónir og stór hluti þjóðarinnar



Sveinn dvaldi í eitt ár í Jemen á vegum Unicef. Hér er hann með nokkrum skólustúlkum þar í landi.

býr við skort. Andstæðurnar við olíuríkin á Arabíuskaganum eru sláandi. Þegar ég bjó þar var tiltölulega friðsamlegt í landinu, sérstaklega í kringum höfuðborgina Sanaa þar sem UNICEF hefur skrifstofu. Staðbundin átök stjórnaðs og skæruliða í norðurhlutanum þýddu að tvö hundruð þúsund manns höfðu hrakist á flóttu. Starf UNICEF í landinu gekk ekki sist út á að aðstoða fólk sem þurft hafði að flýja heimili sín vegna átakanna. Ég vann sem upplýsingafulltrúi og liður í því var að vekja athygli á báðum hag fólksins. Fljótlega eftir að ég fór frá Jemen í ársbyrjun 2011 kom arabíska vorið til Jemen, eins og fleiri ríkja í Mið-Austurlöndum. Af því leiddi mikinn óstöðugleika og stríðsátök breiddust víða út.

Sveinn segir að mjög hafi sigið á ógæfuhliðina í Jemen undanfarin misseri. „Átökin í norðrinu breiddust út og fyrir einu og hálfu ári hófu Sádi-Arabía og fleiri arabaríki hernaðaraðgerðir gegn skæruliðunum. Tíu þúsund hafa látið lífið vegna átakanna og þrjár milljónir eru á flóttu. „Áður en til þessara átaka kom var Jemen nánast komið að fótum fram vegna fátæktar, óstjórnar og fleiri orsaka. Innviðir landsins voru mjög veikir áður en að stríðið braust út og eftir að átökin hófust fór allt til fjandans.“

Fráleitt að stimpla alla múslima sem öfgamenn

Margir furða sig á stöðu Jemens, sem er

sunnan til á Arbíuskaganum, vegna sterkrar fjárhagsstöðu annarra ríkja þar, til dæmis Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Sveinn segir að um allt annað samfélag sé að ræða. „Jemenar eiga reyndar nokkuð af olíu. Hún er þó ekki mikil borið saman við grannríkin og það sem unnið er af henni fer að litlu leyti í að bæta kjör fólksins í landinu.“

Sveinn segir að þrátt fyrir erfið skilyrði hafi verið gott að búa í Jemen. „Ég upplifði mig mjög öruggan og viðmót fólksins var frábært. Arabar eru, hvort sem er í Jemen eða annars staðar, mjög gestrisnir og líka forvitnir um fólk sem kemur að heimsækja þá. Mér leið mjög vel þennan tíma sem ég dvaldi þar. Reynsla mín af því að búa í strangtrúðu múslimaríki er því mjög jákvæð. Ég held að mikið af þeim umræðum sem fara fram um Araba og múslima í samfélaginu í dag sé byggt á misskilningi. Múslimar eru upp til hópna friðsamt fólk, rétt eins og við öll viljum vera. Herskáir öfgamenn eru vissulega til í röðum þeirra og full ástæða til þess að hafa áhyggjur af uppgangi íslamskra öfgaafna en það er fráleitt að ætla að stimpla alla múslima sem öfgamenn.“

Öfgar á báða bóga

Sveinn segir að öfgahópar á báða bóga hafi kynt undir ölgu og óstöðugleika í Evrópu undanfarin misseri. „Þar eru að verki bæði öfgaöfl sem kenna sig við íslam en einnig öfgaöfl sem eru yst á hægri væng stjórnmálanna – vilja beinlínis skapa

sundurlyndi og að hófsamt fólk sé sett á jaðrana í samfélaginu. Þetta er að gerast í Frakklandi og jafnvel í Danmörku og í Svíþjóð.“

Hann segir þessa ölgu eiga sér dýpri rætur en svo að þær verði útskýrðar með arabíska vorinu og átökunum í Líbíu og Sýrlandi. Fólksflutningar frá Norður-Afríku til Frakklands í lok nýlendutímans eru dæmi um það. Um leið sé ljóst að þegar stórir hópar frá stríðshrjádum löndum á borð við Líbíu og Sýrlandi hafi lagt á flóttu norður eftir Evrópu hafi ólgan aukist enn „Ég held að flestum sé orðið ljóst að þegar einræðisherrarnir voru hraktir frá völdum undir merkjum arabíska vorsins hafi þjóðfélögin ekki verið nægilega undirbúin að koma nýjum stjórnkerfum á fót. Túnis er þar undanskilið, þar voru allir innviðir traustari, öflug millistétt til staðar og öflugir fjölmiðlar sem sköpuðu jarðveg fyrir snöggar lýðræðisumbætur. Í Egyptalandi hófu íslamistarnir sem komust þar til valda strax róttækar samfélagsbreytingar sem síðan leiddu til þess að herinn rændi aftur völdum. Í Sýrlandi virðist sem kaldastríðsspenna Rússa og Bandaríkjanna hafi vaknað til lífsins í afstöðunni gagnvart Assad forseta og vonlítið virðist að Sýrlandsmálin verði leyst án þess að bæði þessi stórveldi mætist á miðri leið.“

Gátum gengið óttalaus um Sanaa

En aftur að Jemen. „Já – þetta var skemmtilegur tími. Þórhildur kona mín kom undir það síðasta og dvaldi þar í nokkrar vikur. Nei – ég þurfti aldrei að óttast um öryggi mitt eða okkar. Við bjuggum í íbúð í miðborg Sanaa og gátum gengið óttalaus um. Það ríkir áfengisbann í Jemen og við þurftum ekki að óttast glæpi tengda áfengi eða fíkniefnum. Jemen er þó ekki fíkniefnalaust land. Jemenar tyggja mikið blöð sem eru kölluð qat. Þetta er ekki sterkt fíkniefni en engu að síður landlægur plagsiður sem getur tekið drjúgan hlut af ráðstöfunartekjum fólks. Einnig þarf mikið vatn til þess að rækta qat-lauf en vatnsskortur er alvarlegt vandamál í Jemen. Því væri nær að beina takmörkuðu vatni til annarrar ræktunar og neyslu.“

Sonurinn Seltirningur

Nú eru Sveinn og Þórhildur svo að segja komin heim. Sest að á Unnarbrautinni með ungan son sem kominn er í leikskóla. Sveinn brosir þegar hann er spurður hvort sonur hans muni feta sömu leið og hann sjálfur á Seltjarnarnesi. Hann telur það ekki ólíklegt. „Þótt við höfum átt góða daga á Akureyri og víðar erum við alsæl að vera komin til baka.“

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Annríki hefur verið í félagsstarfinu hjá eldri borgurum nú á haustdögum. Ágætt skráning hefur verið á námskeiðin í gleri, leir, listasmiðju og bókband og eru þau komin á fullt skrið.

Opni handavinnusalurinn á Skólabrautinni á mánudögum og miðvikudögum hefur mælst vel fyrir, en viðbót við það að hafa leiðbeinanda í handverki þá höfum við bætt við tafla, púsli og stafaspili og hvetjum við fólk til að líta við.

Fimmtudaginn 15. september var „Övissuferð“ í Flóann. Um 40 manns tóku þátt í ferðinni sem lukkaðist ágætlega. Fyrsti viðkomustaðurinn var Íslenski bærinn þar sem hjónin Hannes og Kristín tóku á móti hópnum. Á staðnum er mikið safn gamalla ljósmynda af torfbæjum, og fengum við leiðsögn um einn slíkan og upplifðum skemmtilega sögustund í baðstofunni. Áður en haldið var á næsta viðkomustað var boðið upp á kaffi og með því. Þá heimsóttum við litla sæta sveitabúð sem heitir Sóley og þaðan komu margir út með poka. Síðasti viðkomustaður ferðarinnar var listagalleríið Tré og list þar sem hjónin Ólafur og Bergþóra á bænum Forsæti hafa byggt upp stórskemmtilega sýningu í gamla fjósinu, en þar sýna þau gömul verkfæri og aðra listmuni ásamt stórbrotnum útskurði. Ákveðið var að láta Urriðafoss biða betri tíma þar sem bæði var orðið áliðið og fólk farið að ljást.

Borgarleikhúsið Mamma Mia sunnduaginn 25. september. Þetta var í annað skipti á árinu sem hópur á vegum félagsstarfsins fór að sjá þennan stórkostlega söngleik.

Árlegur haustfagnaður var svo haldinn í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 29. september. Svanur mætti með Grillvagninn. Sverni nikkari spilaði bæði rólega dægurtónlist og fyrir dansi. Einnig var boðið upp á bæði leiki og happdrætti. Kvöldið vel lukkað og maturinn frábær.

Önnur ferð á tímabilinu var sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar en hún var farin þriðjudaginn 4. október. Að þessu sinni varð Akranes fyrir valinu og var það um 30 manna hópur sem slóst í förina. Ferðin var hin ánægjulegasta í alla staði. Séra Þráinn Haraldsson tók á móti hópnum með kynningu og fræðslu í kirkjunni. Þaðan var farið yfir í safnaðarheimilið þar sem séra Eðvarð Ingólfsson tók á móti hópnum með gamanmáli og skemmtilegum frásögnum. Þar var boðið upp á léttan hádegisverð. Eftir góða stund í safnaðarheimilinu var keyrt um bæinn undir dyggri leiðsögn sr. Þráins. Þá var farið að vitanum þar sem staðarhaldari tók á móti hópnum og sagði frá sögu vitans tilkomu opunar vitans fyrir almenning og þar stóð fólk til boða að kíkja á ljósmyndasýningu. Síðasti viðkomustaður ferðarinnar var Byggðasafnið að Gördum þar sem boðið var upp á leiðsögn og sagt frá sögu safnsins. Að síðustu var farið í safnahúsið þar sem boðið var upp á kaffi og með því. Stórskemmtilegar og fræðandi sýningar á fallgu svæði í bænum og þrátt fyrir slæmt veðurútlit þá rættist úr því og dagurinn því í alla staði góður.

Nú framundan er starfið nokkuð hefðbundið og um að gera fyrir fólk að hafa dagskrárblaðið góða við höndina, en þar eru allar dag og tímasetningar á föstu liðunum í félags og tómstundastarfinu.

Vert er þó að minna á: **föndurdaginn (lyklakíppur og kort) í salnum á Skólabrautinni fimmtudaginn 20. október, og bingíóð vinsæla Golfskálanum fimmtudaginn 27. október.**

Einnig er minnt á að skráning stendur yfir á jólahlaðborðið á Hótel Örki miðvikudaginn 7. desember og eru það vinsamleg tilmæli frá hótelinu að fólk skrái sig sem fyrst. Allar upplýsingar varðandi dagskrána og skráning á alla viðburði er hjá Kristínu í síma 893800. Félagsstarfið stendur öllum opið og fólk er hjartanlega velkomið.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekk 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allar sólarhringinn



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNAREFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins – Heiðlóa



Lóa í vetrarbúningi að næla sér í ána í fjöru.

Heiðlóan er helsti vorboði okkar en á Seltjarnarnesi er hún einn af einkennisfuglum haustsins. Þá er hún búin að missa svarta og hvíta sumarskrúðann og eiga sumir erfitt með að átta sig á hvaða gulu fuglar þetta eru. Þessir hausthópar, stundum fáein hundruð fugla, halda sig aðallega á Leirum í Bakkavík, við Bakkatjörn og á Nestúni frá september og alveg fram í miðjan nóvember. Lóan sést einnig á vorin en þá eru hóparnir minni. Stöku heiðlóur verpa á Seltjarnarnesi. Fuglinn kys snöggan gróður og mólendi fyrir hreiður sitt.

Jóhann Óli Hilmarsson, johannoli.com



Ljóskastarahús

Hafin er viðgerð á Ljóskastarahúsinu við Urð í Suðurnesi. Verkinu stjórnar Gísli Hermannsson yfirmaður umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Ljóskastarahúsið var byggt veturinn 1940-1941. Húsið er 26 m² að grunnfleti, steinsteypt ofan á grjóthleðslu. Húsið var teiknað af verkfræðingasveit breska setuliðsins. Einn í sveitinni var Arthur Lloyd Benjamin en hann teiknaði einnig gamla flugturninn á Reykjavíkurlugvelli sem friðaður var fyrir nokkrum árum. Benjamin giftist íslenskri konu, Sigríði Guðrínu Gudberg og eignuðust þau einn son, Tom Benjamin. Bæði hjónin hvíla nú í Fossvogskirkjugarði. Ljóskastarahúsið var hluti hverfisheildar á Suðurnesi og er eina mannvirkið sem enn stendur. Frumskoðun hefur verið gerð á húsinu og ástand þess kannað í megindráttum. Húsið var mælt upp af Pétri Ármannssyni arkitekt hjá Minjastofnun Íslands. Umhverfisnefnd hefur einnig verið í sambandi við Ólaf Mathiesen arkitekt vegna athugana á mannvirkinu og forvörslu. Ólafur er m.a. þekktur fyrir úttekt á eyðibýlum á Íslandi og útgáfu um þau efni. Haft hefur verið samband við Tom Benjamin en hann býr í Kanada. Tom hefur, auk annars, sent okkur minnispunkta frá dvöl föður síns á Íslandi. Líklegt er að Ljóskastarahúsið við Urð sé eitt sinnar tegundar á Íslandi. Ef leitað er utan Íslands finnast svipuð hús í Færeyjum, við Lossie, á Suðureyjum Skotlands og í Ástralíu. Ekki hefur fundist nákvæmlega eins hús og Ljóskastarahúsið og er frekari rannsókn þörf ef staðfesta á að húsið sé einstakt á veraldarvísu.

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar Seltjarnarness

Gallerí Gróttu

Anna Rún tekur við af Messíönu

Í Gallerí Gróttu verða verk Seltirningsins og fyrrum bæjarlistamannsins Messíönu Tómasdóttur til sýnis til 4. nóvember.

Sýning ungs listamanns, Önnu Rúnar Tryggvadóttur verður opnuð í Gallerí Gróttu þann 10. nóvember. Anna Rún útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2004 og lauk síðar meistaranámi í myndlist við Concordia háskólann í Montreal í Kanada árið 2014. Anna Rún hefur haldið einkasýningar á Íslandi og í Kanada og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, Þýskalandi og Kanada. Auk þess hefur hún fengist við leikmynda og búningahönnun innan leikhúsa víða um



Anna Rún Tryggvadóttir.

heim. Sýningaropnun er kl. 17 og eru allir velkomnir.

www.borgarblod.is

Stútfullar hillur af unglingaefni

„Nú er gott að vera unglingur á Nesinu,“ segir Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarnesbæjar í samtali við Nesfréttir. „Hillur Bókasafns Seltjarnarness svigna BÓKstaflega undan nýju efni sem starfsmenn safnsins hafa undanfarið verið að víða að sér hjá versluninni Nexus og vefbóka- versluninni Amazon.“

Soffía segir að um sé að ræða bækur, bókaseriur, teiknimyndasögur og spil en hluta efnisins má sjá hér á myndinni. „Í unglingadeildinni geta gestir skoðað og pælt í efninu og gripið í spil.



Starfsmenn safnsins veita öllum gestum ráðleggingar um það efni sem á boðstólunum er hverju sinni og geta leiðbeint þeim um val efnis út frá áhugamálum þeirra,“ segir Soffía.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188



Lyftum andanum!



JÓGADÝNUR SEM SKARA FRAM ÚR!

Manduka eru Taj Mahal jógadýnanna.

Fimm tegundir og fylgihlutir.



SLÖKUN Í ÞYNGDARLEYSI!

Lyftum andanum í skammdeginu.

Flothetta & fótaflot: 16.500 kr.



MÖNTRU ARMBÖND – falleg & gefandi

Silfruð, gyllt, rósagull.

Verð: 6.500/7.500 kr.



SAMFESTINGADAGAR Í SYSTRASAMLAGINU!

15 % afsláttur frá 27. okt – 2. nóv.

Nú 4 ómótæðilegar útgáfur af draumaflíkinni!

Í svörtu og plómulit.

Þröngir & víðir.

Fyrir jóga & lífið.

Sterk, lífræn og falleg "Fair Trade" bómull.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.

Þri. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.

Kynning:

Frambjóðendur Pírata í Suðvesturkjördæmi

Jón Þór Ólafsson.
Reykjavík. 1. sæti.

Ég er tveggja barna faðir kvæntur konu í kennaranámi og sonur hjúkrunarfræðings og rekstrarráðgjafa á eftirlaunaaldri. Með tveggja ára þingreynslu eftir fjórtán ára grasrótastarf samhlíða tuttugu árum sem starfsmaður á plani í malbiki.

Eftir stúdentsprófið í Menntaskólanum í Reykjavík lagðist ég í ferðalög í fimm heimsálfum áður en ég settist aftur á skólabekk í Háskóla Íslands til að taka valda áfanga í heimspeki og viðskiptafræði. Ég varð Pírati þegar ég áttaði mig á að Píratar eru kynnilberar réttindaverndar og lýðræðisumbóta okkar tíma. Þar hefur hjartað mitt alltaf slegið. Í þingstarfinu hef ég forgangsraðað málum eftir áhrifum þeirra á grunnstefnu Pírata um réttindavernd og þátttöku landsmanna. Endurreisn heilbrigðisþjónustunnar er í algjörum forgangi með stuðningi nýju stjórnarskrárinnar.

Ég er lausnamiðaður og úrræðagóður sjálfræðissinni sem er óháður sérhagsmunum. Ég hef því getu og vilja til að setja í forgang rétt okkar allra til að koma að ákvörðunum sem okkur varðar. Heilbrigðismálin, arðinn af auðlindunum, að tækla spillingu og meiri réttur til þátttöku með nýrri stjórnarskrá.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.
Mosfellsbæ 2. sæti.

Ég er fædd á Akranesi en ólst upp í Freiburg í Þýskalandi fyrstu árin. Við fluttum svo heim til Íslands þegar ég var sjö ára og eftir það hef ég búið í Norðurmýrinni og Mosfellsbæ frá árinu 1999 þar til ég fluttist til útlanda árið 2007. Ég er með bachelorgráðu í fjölda- og Evrópulögum frá háskólanum í Groningen, Hollandi og meistargráðu í mannréttindalögum og alþjóðlegum refsirétti frá háskólanum í Utrecht. Þar að auki lauk ég þremur öðrum í þýskri lögræði í Frankfurt am Main. Mín lífsreynsla litast helst af því að hafa búið löngum stundum erlendis. Ég hef starfað hjá alþjóðlega stríðsglæpadómstólum fyrir fyrrum Júgóslavíu í Haag, unnið við blaðamennsku hjá Kvennablaðinu og Reykjavík Grapevine og tekið að mér fræðiskrif fyrir Snarrótina og Geðhjálp. Á alþingi mun ég beita mér fyrir raunverulegu aðhaldi og ábyrgð valdhafa í samfélaginu. Ég vil beita mér fyrir eflingu stofnanna sem hafa almannahag að leiðarljósi, eins og umboðsmaður Alþingis, skattrannsóknarstjóri og samkeppniseftirlitið. Eins vil ég koma á fót sjálfstæðri mannréttindastofnun á Íslandi. Mannréttindi jaðarhópa eru mér sérlega hugleikin og því mun ég beita mér fyrir úrbótum á lögræðislögum, vímuefnalöggjöfinni, lögum um fanga og afplánun og lögum um réttindi fatlaðs fólks. Mér er raunverulega annst um að bæta stjórnarhætti á Íslandi, að varðveita og vernda mannréttindi og berjast fyrir réttlæti, sérstaklega fyrir hönd þeirra sem hafa orðið utangátta í samfélaginu.



Andri Þór Sturluson.
Garðabæ. 3. sæti.

Ég er þriggja barna faðir og Garðabæingur. Lengst af hef ég starfað sem aðstoðarvarðstjóri hjá Fangelsismálastofnun. Konan mín á og rekur tvö kaffihús og kaffiframleiðslu. Faðir minn er kennari í Garðabæ og situr í bæjarstjórn en móðir mín er löggildur bókari hjá fyrirtæki í Reykjavík.

Útskrifaðist úr verslunarskóla Íslands og hef tekið annir í sálfræði og tölvunarfræði í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Ég er menntaður fangavörður og hef starfað hjá Fangelsismálastofnun sem aðstoðarvarðstjóri. Ég á og rek grínádeilufélag Sannleikurinn.com á netinu og skrifa mikið fyrir allskonar miðla. Valdið til fólksins og meiri ábyrgð í stjórnmálum er mitt meginstef. Nýja stjórnarskráin, menntamál og aukin samkeppni í viðskiptalífnum þar sem allir sitja við sama borð er það sem ég legg sérstaka áherslu á. Hjá mér er fólk í fyrirrúmi og ég legg allt undir til að næstu kynslóðir hafi öll þau tækifæri sem hægt er að veita þeim til að verða hæfari og hamingjusamari einstaklingar en við á undan.

Sara E. Þórðardóttir
Óskarsson. 4. sæti.

Ég er fædd í Reykjavík. Ég ólst að hluta til upp í Bretlandi og að hluta í Vesturbænum í Reykjavík. Þabbi minn fór í sérfræðinám í læknisfræði og fluttum við fjölskyldan þá öll með honum út til Bretlands.

Ég er gift og á fjögur börn. Stúdentspróf frá menntaskóla í Edinborg í Skotlandi. Ég hóf að því loknu nám í efnafræði við þarlandan háskóla, en skipti um fag að loknu fyrsta ári og hóf myndlistarferil. Ég er formaður Pírata á Seltjarnarnesi og varaformaður Pírata í Suðvesturkjördæmi.

Ég er formaður Jæja sem hefur verið starfrækt síðan í nóvember 2014. Ég hef tekið þátt í skipulagningu fjölmargra mótmæla, sem hafa flest verið vel sótt. Ég hef verið meðstjórnandi Strandhöggs, sjónvarpsþáttar Pírata á Íslandi. Ég fékk brennandi áhuga á stjórnmálum þegar að ég flutti aftur heim til Íslands árið 2012, og sá um leið að Píratar var flokkurinn fyrir mig, og að hann hafði fólk innanborðs sem hafði raunverulegan áhuga, og nógu sterka sannfæringu, til þess að geta breytt úrsérgengna, spillta sérhagsmuna stjórnmálaumhverfinu sem að þjóðin hefur þurft að búa við í áratugi. Mín helstu áhersluatriði er að heilbrigðiskerfi Íslendinga verði gjaldfrjálst, aðgengilegt og framúrskarandi á öllum sviðum læknisfræðinnar. Ég mun berjast fyrir því að öryggi sjúklinga sé tryggt og því að starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks verði því boðlegt, svo er ekki í dag. Auðmýkt, traust og fagmennska eiga að vera útgangspunktur fólks í valdastöðum. Mikilvægt finnst mér einnig að þingmenn séu aðgengilegir fólkinu sem veitti þeim umboð, og myndi ég leggja mikla áherslu á það.



Pór Saari, Garðabæ.
5. sæti.

Ég er fæddur í Miami, Florida, U.S.A. Faðir var finnskur og móðir íslensk. Ólst upp á Íslandi frá sex ára aldri, í Reykjavík. Er með M.A. próf í hagfræði frá New York University og Advanced Master Certificate í alþjóðahagfræði frá sama skóla. B.Sc. (Cum Laude) í markaðsfræði frá University of South Carolina. Kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla frá Háskólanum á Akureyri.

Fór til sjós sextán ára og var á fraktskipum hjá Eimskip í tíu ár og silgdi um fjögur af heimshöfnum sjö. Fór í háskólanám að því loknu og var í Bandaríkjunum við nám og vinnu í tíu ár með árs hléi er ég kenndi ensku í Barcelona. Kvæntist, eignaðist eina dóttur, skildi og bý núna með einum ketti og dótturinni aðra hverja viku. Hef starfað í sveit, sem sendill, sjómaður, hagfræðingur í Seðlabankanum, deildarstjóri hjá Lánasýslu ríkisins, ráðgjafi hjá OECD, alþingismaður og framkvæmdastjóri.

Hef óbilandi trú á nauðsyn og aðhaldshlutverki virks lýðræðis. Tel Alþingi ónýtt sem alvöru löggjafarvald með lýðræðislegt umboð. Ný stjórnarskrár er brýnasta mál samtímans. Allt annað hvílir á samþykkt hennar. Hef skrifað bók um Alþingi sem er greinig á vanda þess og inniheldur leiðir til úrbóta. Ég er Pírati vegna þessað Píratar hafa talað fyrir lýðræði, upplýsingu og frelsi. Nýja stjórnarskráin er stóra málið. Allt annað sem þarf að breyta stendur og felur með henni. Ef þú vilt sjá raunverulegar breytingar frá fólk sem aldrei hefur svikið kosningaloforð og mun ekki taka þátt í gamaldags Fjörflokkastjórnmálum þá kýstu Pírata. Ef þú vilt framhald á því sama stjórnarferi og undanfarin ár þá kýstu bara eitthvað annað, alveg sama hvað.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir,
Kópavogi. 6. sæti.

Ég er fædd og uppalin í Neskaupstað, flutti 14 ára gömul með fjölskyldu minni í höfuðborgina og bý nú í Kópavogi. Ég er í sambúð með Óttari Helga Einarssyni, tölvunarfræðingi, og saman eigum við tvo syni, fædda 2012 og 2016. Ég hef lokið B.S. og cand. psych. prófi í Sálfræði og stunda doktorsnám í Stjórnmálasálfræði við Háskóla Íslands. Ég er varaþingmaður Pírata og hef tekið sæti á Alþingi þar sem ég hélt meðal annars jómfrúarræðu mína um aðgengi að sálfræðiþjónustu óháð efnahag. Hef meira og minna verið í námi undanfarin ár ásamt því að fara tvisvar í sex mánaða bakpokaferðalög um allan heim. Meðfram námi hef ég svo starfað við stundarkennslu í HÍ og í sumarfríum á samþylli fyrir fatlaða. Ég hef starfað í björgunarsveit frá unglingsaldri og einnig verið foringi í skátunum um tíma.

Ég heillaðist af hugmyndum Pírata um nútímalegri stjórnarhætti – ákvarðanatöku í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma, eflingu lýðræðis og gegnsæja stjórnsýslu.

Helstu áherslumál mín tengjast menntun minni og eru á sviði geðheilbrigðismála og eflingar samfélagsþátttöku. Ég býð mig fram fyrir Pírata vegna þess að mér er annst um lýðræðið, ég á auðvelt með að setja mig inn í fjölbreytt mál og er gagnrýnin og lausnamiðað hugsun.



Áfram á réttri leið!

Laugardaginn 29. október fara fram afar mikilvægar kosningar til Alþingis. Þær snúast um það hvort fólkið í landinu vill áframhaldandi stöðugleika eða ekki. Viljum við ríkisstjórn með forystu Sjálfstæðisflokks eða vinstri stjórn sem stefnir stöðugleika í hættu? Loforðin í aðdraganda kosninganna eru nægileg varnaðarorð. Við getum treyst forystumönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir fjármálum ríkisins og velferð þjóðarinnar. Hinum ekki. Við megum ekki við óráðsúu vinstri flokka núna. Einhver sagði að vinstri stjórn væri ágæt, einu sinni á öld! Við erum búin að prófa það ...

Ákjósanleg staða

